



Til: Haraldur Sigurðsson <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>
Efni: Re: Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík -Íbúðarbyggð og blönduð byggð 2010-2030/2040. Verkefni skipulagsgerðar og umhverfismats
Upplýsingar: Sent: 13-08-2019 11:15:36 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019060032, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019060032

Vísað er til meðfylgjandi tölvupóst frá Reykjavíkurborg, dags. 26. júní sl., þar sem óskað er eftir athugasemdum um verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðrar breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem einkum varða stefnu um íbúðarbyggð, markmið í húsnæðismálum, þéttleika byggðar og forgangsröðun uppbyggingar.

Eins og kemur fram hér að ofan er fyrst og fremst um að ræða skipulag innan þéttbýlis Reykjavíkurborgar, þ.e. skilgreind byggingarsvæði í gildandi skipulagi. Þrátt fyrir það geta breytingar á skipulaginu haft áhrif á náttúrufar og náttúruminjar innan borgarsvæðisins sem mikilvægt getur verið að vernda til framtíðar. Í matslýsingu, dags. 22. maí 2019, er fjallað um í köflum 2.3 og 2.3.1 þá umhverfisþætti sem verða skoðaðir sérstaklega í skipulagsferlinu og telur Náttúrufræðistofnun að þar sé komið inn á þá þætti sem þarf að skoða. Endanlegar skipulagstillögur munu síðan leiða í ljós hver hugsanleg áhrif verða á náttúruminjar og verður þá væntanlega tekin afstaða til einstakra tillagna á þeim forsendum sem þá liggja fyrir.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Haraldur Sigurðsson <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>
Dags: 06/26/2019 01:56:41 PM
Til:

Góðan daginn

Þann 20. júní 2019 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Með verklýsingunni er boðaðar umfangsmiklar breytingar á AR2010-2030, sem einkum varða stefnu um íbúðarbyggð, markmið í húsnæðismálum, þéttleika byggðar og forgangs röðun uppbyggingar. Með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og laga nr. 105/2006 um umhverfismat er verkefnislýsingin, ásamt matslýsingu, lögð fram til kynningar og umsagnar. **Óskað er eftir því að athugasemdum verði komið á framfæri á netfangið skipulag@reykjavik.is fyrir 12. ágúst 2019.**

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Skipulagsgögn má m.a. nálgast á adalskipulag.is

sjá verklýsingu:

https://reykjavik.is/sites/default/files/Almennt_efni/ar2030-ibudarbyggd-lysing-br31-juni2019.pdf

sjá matskýrslu:

https://reykjavik.is/sites/default/files/Almennt_efni/19163_190522_matslysing_ar_ibudarbyggd_blonnud_byggd.pdf

sjá viðauka: https://reykjavik.is/sites/default/files/Almennt_efni/vidauki-mai2019.pdf

Bestu kveðjur

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur (Msc.)
Deildarstjóri aðal- og svæðisskipulags
Umhverfis- og skipulagssviði
Reykjavíkurborgar

Sent til:

Skipulagsstofnun

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Kópavogsbær

Garðabær

Hafnarfjarðarkaupstaður

Seltjarnarneskaupstaður

Mosfellsbær

Kjósarhreppur

Önnur nágrennasveitarfélög

Umhverfisstofnun

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH)

Minjastofnun Íslands

Faxaflóahafnir
Sorpa
Vegagerðin
Samgöngustofa
Náttúrufræðistofnun
Orkustofnun
Orkuveitan
Veðurstofan
Veitur
Borgarsögusafn
Íbúðalánasjóður
Grænni byggð
Skóla-og frístundasvið
Velferðarsvið,
ÍTR
Umhverfis- og heilbrigðisráð
Grænni byggð
Skóla-og frístundasvið/ráð
Velferðarsvið/ráð
ÍTR/ráð
Samtök atvinnulífsins
Samtök ferðaþjónustunnar
Samtök verslunar og þjónustu
Samtök iðnaðarins
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
Samtök fjármálafyrirtækja
Samtök orku- og veitufyrirtækja
Félag eldri borgara
Brynja –Öryrkjabandalag
Öryrkjabandalag
Búseti
Félagsbústaðir
Félagsstofnun Stúdenta
Byggingarfélag námsmanna
Bjarg, íbúarfélag
BSRB
ASÍ
BHM
Efling
VR
Íbúasamtök Miðborgar
Íbúasamtök 3. hverfis
Íbúasamtök Vesturbæjar
Íbúasamtök Laugardals
Íbúasamtök Háaleitis
Íbúasamtökin Betra Breiðholt
Íbúasamtök Kjalarness
Íbúasamtök Árbæjar, Ártúnsholts og Seláss
Íbúasamtök Bústaðahverfis
Íbúasamtök Grafarholts
Íbúasamtök Grafarvogs
Íbúasamtök Bryggjuhverfis
Íbúasamtök Grjótaþorps

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.